



## Gjaldskrá og reglur ljósleiðara Fjarskiptafélags Reykhólahrepps.

### 1. gr.

Fjarskiptafélag Reykhólahrepps á og rekur ljósleiðarakerfi í dreifbýli sveitarfélagsins. Fjarskiptafélagi Reykhólahrepps er samkvæmt gjaldskrá þessari heimilt að selja aðgang að ljósleiðaranum.

### 2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis í dreifbýli Reykhólahrepps geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Reykhólahreppi á netfangið [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is).

Eigendur sumarhúsa og lögaðilar (fyrirtæki, rekstraraðilar) í Reykhólahreppi geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Reykhólahreppi á netfangið [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is).

Í öllum tilfellum skulu lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg vera í eigu Fjarskiptafélagsins, en lagnir innanhúss á ábyrgð húseiganda. Gert er ráð fyrir fullu samráði við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugra lagnaleiða.

Gjald miðast við áskrift og er innheimt mánaðarlega.

Mánaðargjald pr. notanda er kr. 2.900,- án vsk.

Fjarskiptafélögum er einnig veittur aðgangur að ljósleiðarakerfi að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr.

### 3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Fjarskiptafélags Reykhólahrepps mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytinga á ljósleiðarakerfinu.

Fjarskiptafélaga Reykhólahrepps tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

### 4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

### 5. gr.

Gjöld fjarskiptafélaga fyrir afnot af ljósleiðara Fjarskiptafélags Reykhólahrepps eru sem hér segir:

Flutningur þjónustu um heimtaugar kr. 3.500,- án vsk.

Við öll gjöld bætist virðisaukaskattur sem nú er 24%.

6. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

7. gr.

Reykhólahreppur hefur rétt til að loka fyrir aðgang að ljósleiðarakerfi sveitarfélagsins gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir notandi.

8. gr.

Eftirlitsmanni Reykhólahrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara Fjarskiptafélagsins. Er húseiganda skylt að hlíta tafalaust fyrirmælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps þann 11. apríl 2018 og tekur þegar gildi.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir  
sveitarstjóri